

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum fyrir Vesturlandi.

1. gr.

Frá og með 2. janúar 2003 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði úti fyrir Vesturlandi sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 42'00 N – 25° 30'00 V
2. 64° 42'00 N – 24° 11'00 V
3. 63° 50'60 N – 23° 35'90 V
4. 63° 56'40 N – 24° 01'40 V
5. 63° 20'00 N – 24° 33'00 V
6. 64° 10'00 N – 25° 37'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. desember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 769/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

1. gr.

19. gr., *Varðveisla stofnfjár*, orðist svo:

Rekstraráætlun Nýsköpunarsjóðs skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé Stofnsjóðs. Að sjö árum liðnum frá stofnun Nýsköpunarsjóðs skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert. Varðveisla stofnfjárins skal miðuð við vísitölu neysluverðs frá þeim tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 27. desember 2002.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Sveinn Þorgrímsson.